

Sp.

40. Tillaga til þingsályktunar

[40. mál]

um lækkun tolla á efnnum og vélum til iðnaðarins.

Flu.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar endurskoða tollalögin með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú eru á efnnum og vélum til fiskveiða. Ríkisstjórnin skal, strax og þessari endurskoðun er lokið, leggja fyrir Alþingi frunivarp um breytingar á tollalögnum í samræmi við hana.

Greinargerð.

Nær allar þjóðir keppa nú að því að auka sem mest fjölbreytni atvinnuvega sinna og renna þannig sem flestum stöðum undir afkomu sína. Fyrst og fremst er hér um að ræða aukningu margvíslegs iðnaðar, eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Þótt sjávarútvegur og landbúnaður þróist með eðlilegum hætti, eru engar líkur til þess, að þessir tveir atvinnuvegir geti tryggt þjóðinni næga atvinnu og góða afkomu á komandi árum. Hér verður að koma til viðbótar mikill og margþættur iðnaður, ef fullnægja á eðlilegum kröfum um næga atvinnu og batnandi afkomu. Því marki eiga Íslendingar vel að geta náð, ef rétt er á málum haldið, engu síður en aðrar þjóðir. En til þess að svo verði, þarf vitanlega að hlynna að iðnaði á allan hátt.

Eitt af því, sem mundi styrkja verulega aðstöðu iðnaðarins, er að fella niður að mestu eða öllu tolla á efni og vélum til hans. Virðist það eðlilegt og sanngjarnt, að iðnaðurinn sitji hér við sama borð og fiskveiðarnar, því að báðar eru þessar atvinnugreinar lífsnauðsynlegar þjóðinni. Af bátum og vélum til fiskveiða er nú ekki greiddur tollur, en af veiðarfærum og efnnum til fiskveiða 4%. Hins vegar er greiddur 10—15% tollur af vélum til fiskiðnaðarins og 25% tollur af vélum og tækjum til annars iðnaðar, þar á meðal iðnaðar, sem vinnur úr ýmsum landbúnaðarvörum. Tollar á ýmsum efnnum til iðnaðar eru oft miklu og jafnvel margfalt hærri.

Loks þykir rétt að benda á það, að íslensk iðnfyrirtæki verða að greiða 25% toll af vélum til starfsemi sinnar og hærri tolla af efni, meðan álbræðslan, sem útlendingar eru að reisa, fær að flytja inn tollfrjálst allar vélar og efni til starfrækslu sinnar.